

MENNING



Verðlaunahafi Steinunn Skjenstad.

Hlaut verðlaun fyrir ljóðasöng

STEINUNN Soffía Skjenstad sópransöngkona hlaut 1. verðlaun í ljóðasöngsflokki Erkki Melartin-kammertónlistarkeppninnar í Finnlandi 28. október síðastliðinn, ásamt finnska píanistanum Sofíu Wilkman. Dúettinn hlaut einróma fyrstu verðlaun allra í dómnefndinni.

Í nefndinni sátu Ilmo Ranta píanóleikari, Pia Freund söngkona og Petteri Salomaa söngvari. Einnig veitti Minningarsjóður Eero Rantala Steinunni og Sofíu 2000 evrur í sigurlaun.

Erkki Melartin-kammertónlistarkeppnin, sem fer fram á 3-4 ára fresti, er ein mikilvægasta tónlistarkeppni Finna og er haldin í bænum Savonlinna, sem hýsir stærstu óperuhátíð Finna á sumri hverju ásamt alþjóðlegri tónlistar-akademíu. Keppnin er ætluð þeim sem stunda tónlistarnám í Finnlandi en Steinunn stundar masters-nám í söng við óperudeild Sibelius-arakademíunnar í Helsinki.

Steinunn Soffía hefur lagt áherslu á óper- og ljóðasöng og hefur m.a. sótt mastersnámskeið hjá Elly Ameling, Julis Drake, Udo Reinemann, Walter Moore og Edith Wiens. Hún lauk B.Mus.-gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2005, undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur.

Tónlist

Verk Schumanns fyrir selló og píanó

Á HÁDEGISTÓNLEIKUM í röðinni VON103 í dag verður boðið upp á heildarverk Schumanns fyrir selló og píanó í flutningi Sigurgeirs Agnarssonar og Nínu Margrétar Grímsdóttur. Þrjú af verkum tónskáldsins eru nú á dögum leikin á píanó og selló, *Fünf Stücke im Volkston* ópus 102, *Fantasiestücke* ópus 73, sem var upprunalega samið fyrir klarínnett, og *Adagio og Allegro* ópus 70, sem var upphaflega leikið á horn. Tónleikarnir eru haldnir í Efstaleiti 7 og hefjast klukkan 12.15. Tónleikagestir geta keypt léttan hádegisverð á staðnum.



Robert Schumann

Myndlist

Transástand í Hafnarhúsinu

KARLOTTA Blöndal sækir efniviðinn í nýjustu verk sín inn á miðilsfundi og sýnir afraksturinn í D-sal listasafns Reykjavíkur næstu vikur. Gögnin sem hún notar voru hluti af vísindalegri rannsókn á transástandi.

Karlotta útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1997 og sótti sér framhaldsmenntun til Svíþjóðar og Hollands. Sýningin opnar klukkan 20 í kvöld, en á sunnudaginn klukkan 15 verður boðið upp á opnar umræður milli listakonnar og Olafar K. Sigurðardóttur sýningarstjóra.



Karlotta Blöndal

Ljósmyndun

Einsamlir Ítalir í Fótógrafíu

LJÓSMYNDARINN og kvikmyndagerðarmaðurinn Karl R. Lilliendahl opnar á morgun sýningu í ljósmyndagalleríinu Fótógrafíu við Skólavörðustíg. Myndefnið er sótt til Ítalíu þar sem Karl dvaldi síðastliðinn vetur. Yfirskrift sýningarinnar er *Uno* sem er ítalska orðið fyrir einn. Karl segir heiti sýningarinnar vera tilvísun í það hvernig hann sér einstaklinginn í borgarsamfélaginu. Ljósmyndirnar eru allar svarthvítar mannlífsmyndir sem, í samræmi við titil sýningarinnar, sýna hver um sig aðeins eina manneskju.



Af sýningu Karls R. Lilliendahl

Jón Þórarinsson níræður heiðraður með tónleikum á Tónlistardögum Dómkirkjunnar

Hef ekki haft stór orð um sjálfan mig

Eftir Bergþóru Jónsdóttur begga@mbl.is

JÓN Þórarinsson tónskáld fagnaði níræðisafmæli sínu 13. september sl. Við það tækifæri heiðraði Sinfóníuhljómsveit Íslands Jón með flutningi hans stærsta verks, Völu-spár, við góðar undirtektir.

Tónleikar Tónlistardaga Dómkirkjunnar í Dómkirkjunni á morgun kl. 16 verða helgaðir tónlist Jóns og verða Hljómeyki og Kór Langholtskirkju gestir Dómkórsins á tónleikunum.

Jón Þórarinsson hefur verið litríkur í íslensku tónlistarlífi og víða lagt hönd á plóginn. Á starfsferlinum sinnti hann tónsmíðum og útsetningum; var öflugur kennari og mikilvirkur starfskraftur við helstu tónlistar- og menningarstofnanir Íslands, s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Tónlistarskólann í Reykjavík og Ríkisútvarpið. Hann var um árabil tónlistargagnrýnandi á Morgunblaðinu.

Nýleg verk og eldri

En nánar að tónleikunum. „Þetta verða kirkjuverk; orgelverk, sálmalög og orgelforspil,“

Í HNÓTSKURN

» Kennari Jóns í framhaldsnámi í Yale-háskóla var tónskáldið kunna Paul Hindemith.

» Árin 1947-68 var Jón yfirkennari í tónsmíðum og tónfræði við Tónlistarskólann í Reykjavík. 1968-79 var hann yfirmaður lista- og skemmtideildar Sjónvarpisins.

» Sönglög Jóns hafa mörg notið mikilla vinsælda, þar á meðal Fuglinn í fjörunni og Íslenskt vögguljód á hörpu.

segir Jón, og bætir við: „Á dag-skránni verður líka mótetta sem ég samdi fyrir Tónlistardaga Dómkirkjunnar fyrir nokkrum árum við texta úr Davíðssálmum og Te deum sem ég samdi í tilefni aldamótanna.“

Gerir ekki upp á milli

Jón kveðst vera hættur að semja því hann sé nær blindur og geti hvorki lesið né skrifað. En hann hlustar og sækir tónleikana á morgun að óbreyttu. Hann kveðst ekki gera upp á milli verka sinna. „Ég hef ekki haft mjög stór orð



Morgunblaðið/Golli

Dómkirkjan Jón Þórarinsson verður heiðraður með tónleikum á morgun.

um sjálfan mig sem tónskáld. Hins vegar lærði ég til þeirra vinnubragða á sínum tíma og hef gripið til þess að semja þegar ég hef verið beðinn um það. En ég hef aldrei fundið til nauðsynjar til að skrifa

nótur til að setja ofan í skúffu, auk þess sem ég hef haft nóg annað fyrir stafni. Það er kannski ekki mikið að vöxtum sem eftir mig liggur og næstum allt er samið fyrir ákveðin tilefni eða tónleika.“

Óskar eftir persónulegum leyndarmálum

Hreinn Friðfinnsson í Listasafni Reykjavíkur

SÝNING á verkum Hreins Friðfinnssonar verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í dag.

Þar verða til sýnis verk frá ferli Hreins frá upphafi fram á okkar dag. Verk hans einkennast af næmi og léttleika og ljóðrænum tóni sem hefur þau yfir oft hversdagsleg viðfangsefni og efnivið. Hreinn notar ljósmyndun og teikningu auk skúlptúrs og innsetninga.

Tjáningarmáti hans, sem undirstrikaður er af hárfinni kímni, einkennist af endurtekningum, draumum, þjóðsögum, sjónblekkingum og hinu yfirnáttúrulega. Hreinn notar þessi viðfangsefni í leit að jafngildi hluta.

Sýningin er unnin í samstarfi við Serpentine Gallery í London þar sem hún var sýnd fyrr á þessu ári og sló þar öll aðsóknarmet með 78.500 gestum á sjö vikna sýningartíma. Sýningarstjóri er Kitty Scott.

Auglýsir eftir leyndarmálum

Í Lesbók *Morgunblaðsins* á morgun birtist á síðu þrjú lista-



Hreinn Friðfinnsson

verk Hreins sem gengur undir nafninu Leyndarmál. Hreinn segir sjálfur í viðtali í Lesbókinni sama dag að forsögu verksins megi rekja til áttunda áratugarins þegar hann birti auglýsingu í hollensku listatímariti þar sem hann auglýsti eftir leyndarmálum og bað fólk um að senda þau á ákveðið heimilisfang.

Í verki hans í Lesbókinni kemur fram að Hreinn safni persónulegum leyndarmálum og fólk geti sent þau til hans, gefið er upp pósthólf í Reykjavík. „Ég les þau leyndarmál sem mér berast og síðan ekki söguna meir. Ég geymi ekki gögnin heldur eru þau varðveitt í huga mér,“ segir Hreinn í viðtalinu.

Sýning Hreins í Listasafni Reykjavíkur stendur til 27. janúar.

Stabat mater, nýtt verk eftir John Speight, frumflutt

Ekki allt á silfurfati

Eftir Bergþóru Jónsdóttur begga@mbl.is

KVENNAKÓRINN Vox feminae heldur tvenna tónleika í Háteigskirkju, á morgun og sunnudag kl. 17. Á tónleikunum, sem bera yfirskriftina Mater Dei, verða flutt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Brahms, Deutschmann, Schubert, Rheinberger og Durante auk þess sem kórinn frumflytur nýtt verk, Stabat Mater, fyrir kvennakór, mezzósópran, englahorn og strengjakvintett, sem John Speight samdi sérstaklega fyrir kórstjórnann, Margréti J. Pálmadóttur, og Vox feminae.

„Formi verksins svipar til Sálumessu Faurés, og Þýskrar sálumessu Brahms, þar sem miðkaflinn er einsöngskaffi,“ segir John Speight. „Hjá mér er það dúett mezzósóprans og englahorns.“ Þættir verksins eru fimm, en englahornið leikur sóló á milli þeirra.

Stundum er sagt að karla- og kvennakóra vanti þá breidd sem blandaðir kórar hafa. Það liggur svosem í hlutarins eðli, en kvennakór hefur líka óumdeildan styrk. „Já, það finnst mér,“ segir tónskáldið, „þær geta sungið eins og englar, sérstaklega þessi kvennakór.“



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

Stabat mater John Speight stjórnar sjálfur flutningi á nýja verkinu sínu.

Hjá þeim fæ ég þennan fallega, veika og háa tón sem er mjög erfiður. En þær eru tæknilega góðar, og ég notfæri mér englasönginn þeirra mikið í verkinu. Það er margt í verkinu sem byrjar sterkt en deyr út, því tilfinningin er sú þegar maður hugsar um Maríu horfa á Jesú á krossinum, að hún sé sterk þótt maður finni kraftinn þverra. Þetta gera konurnar í kórnum mjög vel, jafnvel á efstu tónum.“

John Speight segir verkið hljóta að sverja sig í ætt við hans fyrri verk. „Ég reyni að nota tónmál sem er auðvelt að hlusta á, en gerir samt kröfur til hlustandans. Þetta er ekki allt sett fram á silfurfati.“

Sigríður Aðalsteinsdóttir er í einsöngshlutverkinu, Daði Kolbeinsson leikur á englahornið og Sif Tulinius leiðir strengjakvintettinn. Antonia Hevesi leikur með kórnum á orgel í öðrum verkum.